

# Fundargerð 81. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 24. september kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir þjónustufulltrúi og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2024 - 2312004SU

Rætt um undirbúning og framkvæmd aðalfundar samtakanna sem haldinn verður 9. október 2024 á Hilton Reykjavík Nordica eins og þegar hefur verið boðað.

Stjórn samþykkir að leggja til breytingar á stjórnarlaunum þar sem miðað verði við hlutfall af þingfara kaupum. Sú tillaga er unnin í samvinnu við Samtök orkusveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Ef önnur samtök samþykkja ekki breytinguna, þá verði stjórnarlaun hjá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga óbreytt líkt og þau hafa verið síðan 2011.

Einnig samþykkt að leggja fram breytingu á aðildargjöldum þar sem horft verði til fjögurra flokka sem miða við íbúafjölda. Sú tillaga er jafnframt unnin í samvinnu við SSKS og SO. Stjórn leggur áherslu á aðildargjöld í heildina hækki ekki.

Formanni falið að finna fundarritara, fundarstjóra og útbúa skýrslu stjórnar.

Fundi var slitið kl. 08:45